

Skólameistari, kennarar, aðrir starfsmenn, samnemendur, og góðir gestir. Mig langar til þess að deila með ykkur minningu. Minningu af fjórtán ára dreng, sem bauðst einstakt tækifæri: að byrja fyrr í menntaskóla. Sjáið hann fyrir ykkur, sitjandi á fremsta bekk. Hann var fjórtán ára, í menntaskóla, og fannst hann svo sannarlega gáfaður. Hann komst í Gettu Betur liðið; og það fengu allir að heyra. Hann gerði aldrei neitt utan skóla með hinum nemendum; fór frekar heim í tölvuna. Og verst af öllu... þá spilaði hann á harmonikku.

Ég þarf kannski ekki að segja ykkur það, en þessi strákur var *svalasti* gæinn í skólanum. Og þó hann þekkti raunverulega engan, þá vissu allir í skólanum hver hann var. Það var ekki fyrr en tveimur árum síðar, þegar að hann var orðinn sextán ára gamall, sem hann fattaði akkúrat hvað það þýddi. Hann fattaði að hann langaði til að eignast vini, eiga félagslíf, en hann gat það ekki. Hann fór að sjá sjálfan sig eins og honum fannst aðrir sjá hann; sem nördann út í horni. Hann skipti um menntaskóla, aftur og aftur, leitandi að nýrri byrjun, að einhverju sem hann vantaði, en sama hvert hann leitaði hrökklaðist hann út, bugaður.

Þessi strákur var ég; er ég. Mér finnst ég enn gáfaður. Það fá ennþá allir að heyra að ég komst í Gettu Betur liðið. Ég geri enn lítið utan skóla með hinum nemendum, og verst af öllu... þá spila ég ennþá á harmonikku. En það er stór munur á mér og þessum strák. Ég er í FÁ. Ég er í skóla þar sem mín saga er bara eitt dæmi af mörgum, í skóla sem tekur fjölbreytileika nemenda sinna opnum örmum. Ég er í skóla sem hvetur mig til dáða, í skóla sem sýnir mér það sem ungur strákur leitaði að fyrir mörgum árum: skilning.

Og ég er að útskrifast. Fyrir þremur árum var það ómöguleiki, fjarstæðukenndir draumaórar. Ég hafði prófað framhaldsskóla; fimm framhaldsskóla... “Nei,” hugsaði ég. “Nám er bara ekki fyrir mig.” Í dag er ég búinn að sækja um nám í Háskóla Íslands. Og ég hlakka til að byrja.

FÁ gaf mér nokkuð sem enginn annar skóli gat nokkurn tímann gert. Tækifæri til að vera ég sjálfur. Tækifæri til að njóta námsins á mínum eigin grundvelli. Þetta er það sem við göngum héðan út með. Við erum útskriftarnemar úr FÁ. Skólanum sem veitti okkur tækifæri. Skólanum okkar. Skólanum sem Ísland þarf.